Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1884-1944, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Kaupfélag Norður-Þingeyinga

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-12, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

7.

# Kaupfjélag Norður-Þingeyinga.

## Stofnun fjélagsins og ~~athafnir~~ starfssaga fyrstu fimmtíu árin.

## 1894 - 1944

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

13.

Sludningar við málefni og einstaklinga.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stuðningur við málefnin og einstaklinga.

Þess er getið í greininni um fundi K.K.Þ., að þeir hafi oft tekið til umræðu almenn velferðarmál héraðsins. Raunar lét félagið ekki þar við standa, sízt ~~[illegible]~~ eftir að það tók að eflast og hafði rýmra fjárhag. Það hefir margsinnis liðsinnt málefnum og einstaklingum með fjárstyrkjum. Félagsmaður einn mælti svo á fundi, er slíkur styrkur var til umræðu, að lítil peninga~~upp~~fjárhæð gæti stundum orðið nýmælum að betra liði en langar ritgerðir í blöðum.

Á fyrstu árum þingeysku kaupfélaganna hafði hvert kaupfélag öll viðskipti sín erlendis við umboðsmenn sína, án þess að með kaupfélögunum væri nokkur skipuleg samvinna. Þrátt fyrir það var ljóst, að framtíðartakmarkið hlaut að verða félagsskapur meðal sem flestra kaupfélaga sem ~~útvegun~~ öflun á aðfluttum vörum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sölu á framleiðsluvörum, eins og Einar í Nesi; og fleiri höfðu ráðist til, áður en nokkurt kaupfjelag var til í landinu.

Vanta: Flest kaupfjelaganna höfðu sem mörg ár sömu umboðsmenn ytra, og þá einkar góða. En auðsætt var, að þeirra gat ekki notið við nema takmarkaðan tíma og nauðsyn að hefja undirbúning umsvaldrar stamvinnu.

Skömmu fyrir aldamótin gáfu kaupfjelögin út lítið ársrit, sem nefndist "Tímarit kaupfjelaganna." Komu út af því tveir árgangar. Var þar skýrt frá fyrirkomulagi og störfum kaupfjelaga, og rætt um nauðsyn á sambandi milli allra kaupfjelaga í landinu. Þetta rit var vandað að innihaldi og ytra frágangi. Þessu riti var veittur nokkur ~~fjárhagsstyrkur~~ styrkur frá K.Þ.; þótt enginn fjelagsmanna ritaði í það. Útgáfa ritsins fjell niður um aldamótin. En sjónarsviptir ~~eftirsjón~~ þótti að því, og almenn var, að endurreisa það sem fyrst.

Þegar til þess kom að reisa sláturhús og vinna nýja markaði fyrir meginhlutann af framleiðsluvörum bænda, var sjerstakt málgagn ólýákvæmilegt. Tóru kaupfjelögin þá að gefa út reglulegt tímarit,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem nefndist „Tímarit fyrir kaupfjelög og samvinnufjelög". Fyrsta ár þessa rits kom út 1907 og átti K.N.Þ. þátt í útgáfunni með fjárstyrk, auk þess sem formaður fjelagsins ritaði í það, enda stóð hann framarlega í samvinnu kaupfjelaganna á þeim árum.

Kaupfjelag Norður-Þingeyinga má vel una árangri þess, sem það vann í öndverðu að því að koma á sambandi meðal kaupfjelaga landsins. Tímaritið umrædda kemur út enn í dag, og „Samband íslenzkra samvinnufjelaga" er orðið stærsta viðskiptafyrirtæki landsins og hefir safnað í heild þvínær öllum kaupfjelögum í ~~landsins~~ landinu.

Um aldamótin fór vaxandi áhugi fyrir vegagerðum og samgöngubótum. Fundir K.N.Þ. ræddu um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði. Þegar áin var brúuð árin 1904-1905, sinti það mikið við uppskipun og flutning á ~~brúa~~ efni~~nu~~ brúarinnar.

Eftir að Jökulsá var brúuð var Brunná versti farartálminn á leið þeirra, sem sóttu verzlun til Kópaskers. Nokkrum árum áður en ríkið setti brú á ána, var komið á hana trébrú, sem K.N.Þ. kostaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eitt saman. Þegar trébrúin var óþörf eftir ~~byggingu~~ smíð nýju brúarinnar, gaf kaupfélagið hana til nota við vegabætur í héraðinu.

Til vegagerða í N.-Þingeyjarsýslu hefir K.N.Þ. stundum veitt styrki og eins til símalagninga. Samgöngubætur hafa verið mikil áhugamál Kaupfélagsmanna, fyrr og síðar.

Bókasafn Norðurþingeyinga var stofnað að tilhlutan K.N.Þ., og hefir því frá upphafi verið veittur árlegur styrkur.

Til stofnunar Heilsuhælisins í Kristnesi vóru veittar úr sjóði K.N.Þ. ~~kr.~~ 2000 krónur. Auk þess hafa verið veittar ýmsar smærri ~~upph~~ fjárhæðir til heilbrigðismála.

Síðan Menningarsjóður Kaupfélagsins tók til starfa hafa fjárveitingar hans verið svo margvíslegar, að ekki er hér rúm til að nefna nema fátt af þeim. Menningarsjóður (sjá um hann í greininni um sjóði félagsins) hefir veitt styrki til söngkennslu, námsskeiða fyrir heimilisiðnað, íþróttakennslu, verðlaun fyrir uppgötvanir, styrkt Búnaðarsamband N.-Þingeyinga, o. fl. Síðast má geta kostnaðar við skemmtisamkomur. Að vísu eru sumir þessir styrkir lágir, en

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vordið segja að síðar að liði þeim, sem við tóku.

Þótt styrkur sá, sem K.R.Þ. veitti félagsmönnunum sínum og öðrum skiptavinum ~~sínum~~ með eftirgjöfum skulda, og minstur er ~~annars staðar~~ annars staðar í ritinu þessu sé að nokkru öðruvísi til kominn en aðrar ~~st~~ styrkveitingar kaupfélagsins, fer samt vel á, að ~~þeirra~~ hans hér sé að nokkru getið. ~~hér~~

Þegar svo var komið í kreppuárunum, að sýnt þótti, að fjölda mörgum atvinnurekendum — þar á meðal bændum — væri algert ofurefli að greiða vexti og afborganir skulda, sem á þá voru fallnar, þá voru af ríkisins hálfu gerðar ýmsar ráðstafanir til viðreisnar framleiðslunni í landinu. Vegna bænda var stofnaður „Kreppulánasjóðurinn," sem veitti lán til skuldagreiðslu, sem áður er frá sagt. Til þess að fá slík lán, var svo til ætlazt, að nægilega væri gefið mikið upp af skuldunum til þess að skuldunaut væri viðráðanleg greiðsla kreppulánanna.

Sennilega hefir það ekki verið án eftirsjónar fyrir marga kaupfélagsmenn, að eignir þær, sem kaupfélaginu höfðu safnazt á mörgum áratugum, skyldu hverfa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á svipstundu til skulda uppgjafa. En hér var úr vöndu að ráða. Ekki var það álitlegt, að fjöldi bænda hætti búskap. Flestir þeirra hefði ekki átt annars kost en að flytjast til kaupstaðanna, og sízt virtist batandi á hag þeirra, sem þangað væru þegar komnir.

Svo varð niðurstaðan, að K.Þ. þá varði meðöllum varasjóð sínum til uppgjafa skulda. Það stóð svo, eftir alt að hálfrar aldar starf, einn og við hyrjum sína — með tvær hendur tómar fjárhagslega. En ætla má, að það hafi átt reynslu, sem var nokkurs virði.

Hvað, sem tilfinningum manna hefir liðið, er það víst, að mótspyrnan gegn uppgjöf skuldanna var mjög lítil meðal kaupfélagsmanna, og engin frá þeim, sem lengst höfðu að því unnið að efla félagið. Þeir sáu bezt, að kaupfélagið sjálft, án félagsmanna og skiptavina, var lítils virði.

Árin, sem liðið hafa síðan, sanna það bezt að hér var hyggilega að farið.

Uppgjafir skuldanna og kreppulánin náðu vel tilgangi sínum. Allir bændur héldu áfram búskap sínum án þess að minnka búin sín, og margir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gátu einnig unnið áfram að endur-
bótunum á jörðum sínum, og byggðu
þar með framtíð sína. Þegar ~~svo~~
verzlun fór aftur batnandi, kom það sér
vel að hafa allmikið í veltunni. En
það, hvernig hagur bænda stendur gagn-
vart lánastofnunum, munu engar
skýrslur til. Það er sennilegt, að margir
bænda geti nú greitt kreppulán og
aðrar bankaskuldir án þess að bú
þeirra gangi saman.

Á tímabilinu frá 1924 fram
yfir 1930 var árferði yfirleitt gott, og
kúpeningur fjölgaði í héraðinu. Urðu margir
menn þá einnig framgjarnir um
húsabætur og jarðyrkju, og það svo, að
nálega allir torfbæir hurfu úr héraðinu, en
í þeirra stað risu upp vönduð íbúðarhús
úr steinsteypu, og á mörgum jörðum tvö,
þar sem tvíbýli var eða varð. Þá á
þessum árum gætti þess allmjög, að ein-
býlisjörðum var skipt.

Með aukinni ræktun varð notkun
heyvinnuvéla einnig almennari. Þótt
til þessara framkvæmda nyti við lána úr
„Byggingar og landnámssjóði," þá var þó all-
verulegur hluti umsvifanna skulda við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K.Þ. afleiðing af þessum umbótum. Munu flestir sammála nú um, að það var happ mikið og héraðsgæfa, að í stórvirki þessi var ráðizt meðan enn var vinnuafl í sveitunum og verðlag hóflegt, því að ~~þrátt fyrir innstæður manna við, mundu~~ slíkar framkvæmdir, mundu varla framkvæmanlegar nú, þrátt fyrir innstæður manna.

Má því með réttu segja, að á þessum árum hafi verið reistar höfuðstoðir og brjóstvörn efnalegs og menningarlegs sveitarlífs í héraðinu.

---

Kaupfélaginu sjálfu hefir farnast vel síðustu árin, og hefir það þegar eignazt álitlegan varasjóð. Enda er það auðsætt, að hverri viðskiptastofnun farnast bezt með því að eiga efnaða og sjálfstæða skiptavini, sem mikið verzla.

Þótt aldrei hafi verið gerð að kjörorði félags vors gamla reglan: „Ekkert mannlegt er mér óviðkomandi," þá hefir hún í veruleikanum verið framkvæmd — og gefizt vel.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

# Fundir kaupfjélagsins.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundir Kaupfélagsins.

Síðan Kaupfélag Norður-Þingeyinga hélt stofnfund sinn í lok ársins 1893, hefir það haldið aðalfund á ári hverju, og oft aukafundi þegar II þörf hefir gjörzt. Framan af árum voru fundarstaðir oftast í Öxarfirði. En síðar hafa fundirnir einkum verið haldnir á Kópaskeri eða þar í grendinni. Er góð aðstaða til fundahalda í skólahúsi Presthólahrepps að Snartarstöðum. ~~En~~ Þar er einnig góð skólastofa til þess að ~~hafa~~ halda fundina, en auðvelt ~~með~~ um gistingarstaði ~~fyrir fundarmenn~~ á Kópaskeri og bæjum í grendinni.

III Aðalfundinn, sem jafnan er haldinn að afstöðnum deildafundum, ~~mæta~~ situr stjórn félagsins og framkvæmdastjóri, endurskoðendur og fulltrúar deildanna. Enn fremur ýmsir, sem hafa gegnt störfum fyrir félagið, og þurfa ~~eiga~~ að standa reikningsskap af gjörðum sínum. Þar við bætast svo fleiri eða færri gestir, sem sitja fundinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reglur um tölu deilda fulltrúanna hafa verið nokkuð mismunandi á ýmsum tímum. Oftast hefir sú verið venjan, að einn fulltrúi kæmi fyrir hvern tug deildarmanna. Hefir tala fulltrúa á síðari árum verið milli tuttugu og þrjátíu, eftir því, hversu góð hefir verið fundarsókn í hvert sinn.

Höfuðviðfangsefni hvers aðalfundar er að skýra frá rekstri kaupfélagsins liðið ár og leggja fram reikninga þess til samþykktar, ef þeir eru fullgerðir, sem oftast hefir verið á síðari árum, þar sem fundirnir hafa ekki verið fyrr en í apríl eða maí. Áður voru þeir oftast skömmu eftir miðjan vetur. Þar næst að ræða um framhald og rekstur félagsins komandi ár. Auk þess hafa fundirnir tekið til meðferðar mörg mál, sem ekki snerta beinlínis kaupfélagið, heldur voru framfara og velferðarmál, sem kaupfélagið vildi styðja.

Kaupfélagsfundirnir voru alger nýjung fyrir héraðsmenn. Að undanteknum kjörfundum til alþingis höfðu ekki þekkst aðrir fundir, sem náðu yfir fleira en eina sveit. Kjörfundirnir voru sjaldan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Milli þeirra voru oftast svör og sóknir sem fóru stundum að eins fram bjóðendunna. Á kaupfélagsfundunum var komið saman til þess að ráðstafa sameiginlegu velferðarmáli allra, verklega héraðsins, og öllum var heimilt að taka þátt í umræðunum.

Fundir K.Þ. voru frá upphafi slíkir, að þeirra er ætíð minnst með ánægju. Þeir stóðu oftast tvo daga og stundum fram á hinn þriðja. Einn og rétt var gáfu menn sér nægan tíma til fundarstarfanna. Fundarstjóri var um mörg ár Björn Sigurðsson, bóndi í Ærlækjarseli. Björn var ágætur fundarstjóri, alþekktur að kurteisi og prúðmennsku, og fyrirmynd annara á fundunum. Hann kenndi skipulega röðuhöld og gætti þess, að öllum gæfist kostur á að láta í ljós skoðun sína. Óframfærnir unglingar, sem komu á fundina í tíð Björns, munu einkum minnast hans með þakklæti.

Þær fundareglur, sem K.Þ. hafði á fyrstu árunum sínum hafa verið haftar í heiðri í þessu héraði. Menmirnir, sem fundi sækja, eru misjafnir eins og gerist og gengur. Þegar á fundi kemur gætir mest hinna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlita hvers einstaklings, göfvildar, stillingar og félagslyndis. Mest áherzla er lögð á það að ~~at~~ samfæra aðra um réttmæti skoðana sinna, en forðast að beita harðfylgi eða persónulegum áhrifum til þess að knýja fram vilja sinn, enda hafa menn oftast skilið á fundarlok sáttir og ánægðir. ~~og sáttir~~

Oft hafa fundir K.H.þ. haft vandamál til meðferðar. En í sameiningu hafa fundarmenn kostað kapps um ~~gert sitt besta~~ til að ráða fram úr þeim. Og einhver úrlausn hefir jafnan fundizt, svo að ekki hefir þurft að skjóta málum á frest.

Jafnhliða því að ræða fundarmál hafa menn skemmt sér, einkum á kvöldin, að fundartíma loknum. Menn hafa sungið, spilað, dansað og rætt við kunningjana. Oft hafa ~~líka~~ ýmsir smærri fundir verið haldnir í sambandi við kaupfélagsfundina.

Um nokkur ár virtist sem ~~lítið eitt fyrir, að~~ áhugi fyrir fundasókn í kaupfélaginu færi þverrandi, einkum meðal yngra fólks. Til þess að ráða bót á þessu hafa síðustu árin verið haldnir skemmtifundir að tilhlutun Menningarsjóðs K.H.þ. Þar hafa verið flutt erindi og farið fram

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umræður um ýmis mál. En mest hefir
þótt til þess koma, þegar söngflokkar hér-
aðsins hafa látið til ~~sín~~ sín heyra. ~~En~~
En þeir hafa undangoldið það á þessum
fundum, að Menningarsjóður hefir
lagt fram fé til styrktar söngkennslu
í héraðinu. ~~Auðvitað hefir~~ Dans ~~xxx~~ hefir og
~~oftlengst~~ oftast farið fram á ~~verið til skemtunar fyrir~~ þessum skemmtifundum.

Til þess að gefa sem flestum
kost á því að sækja fundi Menningar-
sjóðs, hafa þeir verið haldnir á hentugum
tíma að vorinu. Síðustu árin hafa þeir
verið haldnir í samkomuhúsinu að
Lundi í Öxarfirði.

15.

Starfssvæði og deildaskipun.

Eins og þáttur um stofnun K. N. Þ. ber með sér, voru fyrstu deildir félagsins fimm að tölu: Sléttudeild, Núpsdeild, Öxardeild, Sandsdeild og Fjalladeild. Þessar deildir náðu yfir það svæði sem alltaf hefir verið starfssvið K. N. Þ. það er, vesturhluta Norður-Þingeyjarsýslu austur að Öxarfjarðarheiði, eða nánar tiltekið, Presthólahrepp, ~~Öxarfjð~~ Öxarfjarðarhrepp, Keldunes hrepp og Fjallahrepp. Sú hefir helzt orðið breyting á þessu, að á upphaflega svæði Sléttudeildar eru nú þrjár deildir, sömuleiðis þrjár þar sem áður var Sandsdeild, en tvær á svæði Öxardeildar gömlu. Eru deildirnar nú þessar:

Raufarhafnardeild,
Austursléttudeild,
Vestursléttudeild,
Núpsdeild.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Öxardeild,
Syðri Öxardeild,
Sandadeild,
Stóraárdeild,
Garðadeild,
Fjalladeild.

Vestan þess svæðis sem hér er talið starfssvið K.N.Þ., mun félagið ekki hafa neinn félagsmann. En örfáa í Þistilfirði, og stundum nokkra frá tveim bæjum í Norður-múlasýslu (Víðidal og Möðrudal).

Í þessu riti eru áður taldir allir þeir sem setið hafa í stjórn K.N.Þ. til ársloka 1916. Síðan hafa þessir menn komið inn í stjórnina til lengri eða skemmri tíma:

Benedikt Kristjánsson, Þverá,
Jón Sigfússon, Ærlæk,
Óli G. Árnason, Bakka,
Hólmsteinn Helgason, Raufarhöfn,
Björn Haraldsson, Austur-Görðum,
Pétur Siggeirsson, Oddsstöðum,

Við lok ársins 1943, (á fimmtíu ára afmælinu) er stjórnin skipuð þannig:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pétur Siggeirsson, formaður,
Guðmundur Ingimundarson,
Jón Sigfússon,
Hólmsteinn Helgason,
Björn Haraldsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kartöflurækt K.N.Þ.

Þegar Tímarit Kaupfélag-anna var fyrr á árum að skýra frá því, hversu viðfangsefni erlendra kaupfélaga væri margvísleg, þá var framleiðslustarf-semin ofarlega á listanum. Var meðal annars sagt frá því, hversu brezkum samvinnumönnum tókst að hnekkja okri tekaupmanna. Samvinnufélögin brezku keyptu sér landsvæði austur í Indlandseyjum og ræktuðu þar te sitt sjálfir. Sama ráði var beitt á Norður-löndum þegar framleiðsla raftækja var komin í „hendur auðhringa“, sem hækkuðu verðið úr hófi fram. Kaupfélögin komu þá til sögunnar og stofnuðu raftækja-smiðju, sem færði stórum niður verð raftækjanna.

Engra slíkra afreka má vænta af hinum fámennu og fátæku kaupfélagi vorum. Eina framleiðslan, sem það hefir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðizt; er það að rækta innan héraðsins vörutegund, sem er flestum öðrum vörum nytsamari.

Ein af mest algengustu og nauðsynlegustu matvælategundum eru kartöflurnar. En sem leið eru þær flestum öðrum vörutegundum viðkvæmari í flutningum, og þola illa geymslu, því nær sama, hversu mikil nákvæmni er viðhöfð. Það hefir því verið miklum vandkvæðum bundið að ~~útvega~~ fá kartöflur frá öðrum löndum. En ræktun þeirra er ærið mis~~jöfn~~brestasöm hér nordanlands, enda reynsla og æfing við ræktunina, eins og um alla aðra garðyrkju, skammt á veg komin,

1-2-3-4-5 Það hefir lengi verið kunnugt, að í Kelduhverfi ~~er~~ á ýmsum stöðum er allmikill jarðhiti, einkum sunnanvert í hólmanum milli Bakkahlaups og ~~Jökuslár~~ Jökulsár. En hér á landi hefir víða gefizt einkar vel að rækta kartöflur í landi með jarðhita. ~~Samt~~ Þó hefir heita landinu í Kelduhverfi verið lítill gaumur gefinn alt fram að síðustu árum. En þegar áhugi tók almennt að vakna meðal þjóðarinnar fyrir garðyrkjunni, og erfiðleikar á ~~með~~ um verzlun við önnur lönd fóru ~~stöðugt~~ sívaxandi, þá var hafizt handa ~~með~~ um framkvæmdir garðyrkju á staði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því, sem áður er nefnt. Meðal þeirra, sem fengu þar land til að rækta kartöflur, var Kaupfélag Norður-Þingeyinga. Svæðið, sem NB// það tók á leigu í byrjun, nam . . . . ?

Kartöflurækt þessi hefir nú verið rekin í fjögur ár. Og niðurstaðan hefir orðið mjög sæmileg og eftirtektaverð. Tvö af árum þessum hefir garðrækt heppnast mætavel hér á landi. Hin tvö árin hefir reynslan orðið alveg gagnstæð. Árið 1939 var kartöfluuppskera alls landsins talin 120 þúsund tunnur. Og árið 1941 mun hún hafa numið nálægt 130 þúsund tunnum. ~~Aftur á móti~~ Í annan stað voru árin 1940 og 1942 mjög léleg ~~með~~ um sprettu garðávaxta, einkum hið fyrrtalda. Það ár fengust aðeins 50 þúsund tunnur af kartöflum í landinu. Árið 1942 mun hafa verið nokkru betra, en uppskeruskýrsl- eru ekki fyrir hendi. ~~Samt~~ Þó var heildaruppskera léleg, og víða engu betri en 1940.

En öll þessi ár hefir sama magn útsæðis gefið mjög svipaða uppskeru í heita landinu við Bakkahlaup, þar sem sæmilega hefir verið vandað til ræktunarinnar. Gildir það jafnt um ræktun kaupfélagsins og annara, sem hafa þar garðlönd. ~~Það lítur~~ Virðist svo, ~~út~~,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem kuldinn og sólskinsleysið árin 1940 og 1942 hefir það ekki komið að sök við garðyrkjuna á þessum stað. Það sýndi meðal annars yfirburði heita landsins fram yfir önnur svæði, jarðhitalaus, en samleg að öðru leyti, að á bæ einum í Austursandi voru (árið 1940) settar niður kartöflur á tveim stöðum: í heita landinu og í garða heima á bænum. Mun jafnt hafa verið vandað til á báðum stöðunum. En árangur varð sá, að á jarðhita-svæðinu fékkst góð uppskera, en heima á bænum brást hún algerlega.

Vegna þess, að kartöflur taka að skemmast löngu áður en ár er liðið frá uppskeru þeirra, er það mjög eftirsótt að fá þær snemmvaxnar á markaðinum. Er það algengt, að Norðurlandaþjóðir kaupa framan af sumri kartöflur frá Ítalíu. Hefir sú vara oft komið hingað til lands og verið á boðstólum á Kópaskeri. Hafa þessar kartöflur, sem vænta má, verið alldýrar. Helzt ~~lítur út fyrir~~ virðist svo, sem í góðum sumrum megi fá mjög snemmvaxnar kartöflur úr heita landinu. Er það öllum hentugt, en einkum þeim fjölda fiskimanna, sem á hverju sumri stunda síldveiðar við Norðurland.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Væri það óneitanlega gaman, ef ~~við~~ vér hér úti við Íshaf gætum einstöku sinnum orðið jafnokar „sólskinslandsins" í garðyrkju.

Heita landið, sem hér er um að ræða, er eign þriggja jarða í Kelduhverfi: Ytri-Bakka, Syðri-Bakka og Þórunnarsels. Þessi býli eru öll byggð úr Áss landi í fyrstu. En ~~jarðhitinn~~ landið er í sama hólma ~~og~~ sem Ytri-Bakki, og greiðfarast þangað til bæja. Öll önnur býli eiga þangað að sækja yfir jökulvötn: Bakkahlaup, sem ~~er~~ oftast er ferjuvatn, og Jökulsá, sem ekki er fær bifreiðum nema þegar hún er mjög vatnslítil, og mjög oft ófær hestum.

Þess má geta, að hr. garðyrkju~~fræðingur~~ráðunautur Ragnar Ásgeirsson heimsótti heita landið sumarið 1940, og lét þá svo um mælt í blöðum, að vel gæti not þessa lands, fyrr eða síðar, farið fram úr djörfustu vonum héraðsmanna. Betur að rættist, því að vonir þær, sem menn gera ~~gjör~~ sér um þetta svæði, eru hreint ekki smáar.

Vorið 1940 var Ytri-Bakki laus til kaups og ábúðar. Varð sú niðurstaða, að K.N.Þ. keypti jörðina. Var verð hennar ~~kr.~~ 12.200 ~~krónur~~ krónur. Auðvitað voru kaupin einkum ráðin vegna heita landsins. En jörðin er, án tillits til þess, góð eign, sem sjálfsagt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var að tryggja að haldist í eigu innan-
héraðsmanna, en lenti eigi í höndum fjarlægra
braskara, eins og oft vill verða nú á tímum
um eftirsóttar jarðir.

Ytri-Bakki hefir nú verið
byggður Hr. Gunnlaugi Sigurðssyni frá
Grund á Langanesi. En við bygginguna
var jarðhitasvæðið undanskilið. Eins er
engjasvæði jarðarinnar vestan Bakkahlaups
leigt sérstaklega. Nýlega hafa farið fram
í Vestur-Sandi mælingar vegna áveitu.
Benda þær til, að Ytri-Bakki geti orðið
mikil heyskaparjörð. Fari svo, að þessi
jörð verði Kaupfélagi Norður-Þingeyinga
til byrðar og tjóns, er hætt við, að margt
fleira innan héraðsins lendi í niðurlægingu.
Fremur ber að vænta þess, að hér rætist
gamli málshátturinn: „Mjór er mikils vísir."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.

# Hvað unnizt hefir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hvað unnizt hefir.

Þegar rakin hefir verið saga Kaupfélags Norður Þingeyinga í hálfa öld, hlýtur sú spurning að vakna hjá mörgum: Hvað hefir breytzt til hins betra á þessum fimmtán árum í héraðinu, sem er starfssvið kaupfélagsins? Og að hverju leyti má þakka K.N.Þ. það, sem kann að hafa miðað fram á leið?

Þessum spurningum er ekki auðvelt að svara. Það má ~~oft~~ mjög um það deila, hvort ~~hinar~~ ýmsar breytingar sé ~~séu~~ til hins betra. Og enn þá erfiðara verður að ákvarða, hverju þessa megi það, sem telja má, að hefi unnizt í framfaraátt. Það verður hver að meta eftir eiginni dómgreind.

En freistandi er það, eigi síður, að athuga nokkuð hag ~~ástæður~~ manna í þessum sveitum fyrir fimmtán árum og ~~oss~~ bera saman við ~~núverandi~~ nútímann.

Þegar farið var um Norður-Þingeyjarsýslu fyrir fimmtán árum var ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um aðra vegi að ræða en götur, sem troðnar voru af næsta fótum. Og þær voru víðast þröngar, mjóar og grýttar. Engin á var brúuð. Torfbrýr sáust aðeins á örfáum lækjum. Heima í bæjunum var víðast fátæklegt um að litast. Bæirnir torfhús, víðast smá og hrörleg. Túnin þýfð og ógirt. Fátækt almenn og bústofn víðast lítill. Langt í kaupstað og einmitt svo högum háttað, að sú verzlunin, sem undanfarið hafði starfað í sýslunni, var nú lögð niður, og ekki annað að flýja um viðskipti en til Húsavíkur.

Um aðbúð manna heima fyrir er það fyrst að segja, að þau þægindi, sem nú hafa gjörbreytt heimilunum, voru nær óþekkt. Jafnvel eldavélar voru svo fágætar, að þau heimilin voru langtum fleiri, þar sem þær voru ekki til og hinar örfáu, sem komnar voru í hjeraðið smáar og ófullkomnar. Fatnaður var ekki að sama skapi slæmur sem húsakynnin. En fæstum mun nú getjast að þeim fatnaði, sem þá þótti vel boðlegur.

Raunar skiptir það ekki mestu, hvernig lífskjörin eru, heldur hvernig menn sætti sig við þau. „Við vorum ánægð,

því að við þekktum ekkert betra, var haft eftir manni úr afskekktri sveit, sem var að lýsa uppvaxtarárunum sínum. Norður-Þingeyingar mundu einmitt betri tíma. Á liðinni öld var ~~langt tímabil með~~ gott árferði og sæmileg ~~verzlun verzlun~~ verzlun langt tímabil. Viðskiptin við lausakaupmenn voru oft hagkvæm. Verzlun Gránufélagsins var ágæt framan af. En lausakaupmenn hættu að koma hingað á síðasta áratug liðinnar aldarinnar. Og verzlun Gránufélagsins á Raufarhöfn var lokið til fulls árið 1893. Var þá lítið annað um að gera en verzla við Örum & Wulff á Húsavík, eins og sú verzlun líka var.

Ofan á ill verzlunarkjör bættust svo mikil harðindi, sem stóðu yfir tuttugu ár. Hagur allra fór versnandi og margir fátækir fjölskyldumenn komust á sveit. En sveitin sem haf börnin hjeller frá þeim, er þangað höfðu flutt, sem sæmilega afkomu og horfur. Var því sízt að undra, þótt mörgum þætti sá kosturinn helzt ráðlegur að flýja ~~[illegible]~~ landið.

Um fræðslu og félagsmál var lítið í þessum árum. Farkennarar voru lítilsháttar teknir að kenna börnum og unglingum í stöku bæjum. Almennt var það

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki, að þeirri kennslu yrði við komið, enda hindraði víðast slæmur húsakostur. Kirkjuferðir voru helzta ráðið til þess að koma saman. Þá var kirkjusóknin betri en nú, og vafalaust að mörgu leyti til góðs.

Einangrunin og samvinnuleysið hlaut að setja einkenni sín á fólkið. Ágreiningar og málaferli voru þá langt um algengari en nú. Um það bera dómsmála og sáttabækur þeirra ára vitni.

Þegar nú er farið um vesturhluta Norður-Þingeyjarsýslu vekur það fyrst athygli, hve ~~hvað~~ vel það er orðið hýst víða. ~~byggingar eru orðnar vandaðar~~ Á flestum bæjum eru steinsteypt íbúðarhús. Mörg eru með ýmsum helztu nýtízku þægindum. Útihýsi hafa gjörbreyzt. Fjárhús eru víða járnþakin og hlöður steinsteyptar. Öll tún eru girt og víða aukin með nýrækt og sléttuð. Bifreiðar flytja mestallan varning úr kaupstað og heim á bæi~~na~~, en heima fyrir eru notaðar kerrur. Reiðingar eru víða á bæjum engir til. Símalínur liggja hvarvetna um héraðið, og mörg heimili hafa einkasíma. Í þá átt fer nú, að póstur gangi heim á hvern bæ.

Innan heimilanna hefir ~~orðið~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

orðið stórfeld breyting. Húsin eru víðast hlý og vistleg. Í stað gömlu hlóðaeldhúsanna, sem eru að mestu horfin, eru komin nýtízku eldhús með vönduðum eldstóm, vatns- og skólpleiðslum. Nokkrar rafstöðvar eru komnar á sveitabæi, þar sem er nægilegt afl til suðu og ljósa og að nokkru til hitunar. Ella víðast mótorstöðvar litlum. Nú síðast hafa útbreiðst vindrafstöðvar. En reynsla um gæði þeirra og ending er lítil fengin enn.

Fjöldi nytsamra heimilisáhalda hefir verið tekinn til notkunar, í tíð kaupfélagsins. Prjónavélar, spunavélar, vandaðir vefstólar, og margt fleira, sem hér verður ekki talið. Við heyskap er nú víða mest slegið með sláttuvél. Við jarðrækt notuð dráttarvél fyrir plógi og herfi.

Það má vel vera, að sumum þyki það vafasöm framför, hve útlend föt og fataefni hafa verið tekin til notkunar. En alment er þó talið, að góður og snyrtilegur fatnaður auki eigi að eins vellíðan og siðfágun hvers manns, heldur geri hann einnig færari um að leysa störf sín vel af hendi, og varðveiti heilsu hans.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir mörgum árum hjelt Ræktunarfélag Norðurlands fund einn í Norður-Þingeyjarsýslu. Í ferðasögu eins fundarmanns var til þess tekið, ~~hvað~~ hve fólkið, sem fundinn sótti, úr héraðinu, var vel klætt. Þar ~~sagði~~ kom ~~það sig~~ ótvírætt í ljós, hversu góð verzlun hafði ~~stórætt~~ stutt það hlutgjörði í klæðaburði.

Þess má geta, að ný áhöld og aukin þekking hafa mikið stutt fatagerðina. Alls konar efni til vefnaðar fást nú með góðum kjörum, og vélarnar margfalda afköstin við fatagerð ~~klæðnaðar fata framleiðslu fatnaðar~~.

Eigi er það minna vert, hver ~~hvaða~~ áhrif starf kaupfélagsins hefir haft á andlega menningu fólksins. Hér skal getið atviks, sem sýndu, ~~hversu fljótt var við brugðið til að sýna~~ hvað vinnst þegar drengskapur og skilningur sameinast um að leysa vandamálin.

Þegar Örnhólmska verzlunin hætti að starfa, átti ~~það~~ félagið nokkuð af skuldum ~~útistandandi~~ ógreitt hjá ýmsum Norður-Þingeyingum. Ekki námu þær miklu hjá hverjum einstakling, stundum ekki nema nokkrum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tugum króna. En það þótti stór fjárhæð í
þá daga. Þessar skuldir keypti verzlun Örum
& Wulffs á Húsavík, sennilega fyrir lítið,
og var það með öðrum lánardrottnum
margra, sem aldrei höfðu verzlað þar áður.
Var nú þessum mönnum gefinn kostur
á því að greiða upp skuldina eða gera
samninga um afborgun á lengri tíma.
Ekki var ~~heimtuð~~ krafizt mikillar afborgunar árlega,
og renta var ekki krafizt. En það skilyrði
var öllum sett, að meðan nokkuð stæði
ógreitt af skuldinni skyldi skuldunautur
~~skuldunautar~~ verzla við Ö. & W. með allan
sinn gjaldeyri. ~~Byggðist~~ Ef út af þessu brygði, væri
öll skuldin fallin í gjalddaga. Hafði verzl-
unin úti njósnarmenn, sem vöktu yfir
því, að þessir menn gætu ekkert leitað til
kaupfélaganna. Kæmi upplýsingar um
brot í því átt, var málshöfðun vís.

Þessum samningsbundnu mönnum
þótti illt að geta ekkert skipt við K.Þ.
og leituðu til forstöðumanna kaupfélagsins.
Formaður þess brást þannig við, að hann
~~borgaði~~ greiddi að fullu ~~upp~~ allar þessar skuldir. Sennilegt
er, að enginn þeirra, sem ~~þannig~~ losnaði
úr skuldaklafanum, hafi komið oftar
inn í verzlun þá, sem Þ. Guðjohnsen stjórnaði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einokunarverzlunin danska og afleiðingar hennar höfðu haldið fjölda Íslendinga í verzlunaránauð hátt á þriðju öld. Kaupfjelag Norður-Þingeyinga hjet það verða meðal fyrstu verka sinna að leysa þá sýslu í starfsviði sínu úr þeirri ánauð.

Það leiddi af bættum efnahag, að æðri fræðsla miðaði fram í víð. Barnaskólar hafa verið reistir í sveitunum og fræðsla unglinga aukin. Mjög margir sækja fræðslu til fjarlægra skóla eða stunda nám í verklegum greinum annarsstaðar. )(

Samvinnan við rekstur kaupfjelagsins náði brátt til annara sviða.
)( Ýmiskonar fundahöld og samkomur sóttu fyrirmynd sína til funda kaupfjelagsins. Allmjög er og ~~Talsvert er alt~~ orðinn annar bragur á fjelagslífi en fyrr. Hjálpsemi við þá, sem miður hefir gengið í lífsbaráttunni, er margföld við það sem áður þekktist, enda nú betri efnahagur. Þrætur og málaferli eru fágætir viðburðir á síðari árum. Sáttanefndirnar í kaupfjelagssvæðinu hafa lengi átt rólega daga.

Innan Kaupfjelagsins hefir festa og kyrrð verið lengst af. Gott dæmi þess er athugun, sem gerð var á aðalfundi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupfélagsins fyrir nokkrum árum.
~~Af~~ Af þeim mönnum, sem sátu ~~mættu~~ á fyrsta fundi kaupfélagsins, sem fundargerð er um, voru þrír á lífi og allir sóttu þeir þennan fund ~~mættir á fundinum~~. Að einum undanteknum, sem dó barnlaus (Síra Hannes Þorsteinsson) áttu þeir, ~~þeir~~ sem látnir voru, afkomendur á fundinum. Meðal þeirra voru synir og sonarsynir sumra stofnandanna. ~~Hall~~ Var annar ~~xxxx~~ formaður félagsins, ~~en~~ en hinn var fulltrúi deildar sinnar. Einn stofnandanna hefir setið ~~mætt~~ á öllum aðalfundum kaupfélagsins. Um félagsmenn er það aðalreglan, að þeir hverfa ekki af félagsmannaskránni nema við lát sitt eða brottflutning ~~af~~ úr ~~félagssvæðinu~~ héraði.

Um hag Kaupfélags Norður-Þingeyinga á fimmtugsafmælinu má vísa í skýrslur þær, sem rit þetta birtir. Nú búast allir við byltingum og vandræðum á þeim árum, sem í hönd fara. Verður því fátt vitað, ~~Er þá lítt hægt að segja~~ hvernig um ~~peninga~~ fjármálin fer. En sú andlegi þroski, sem félagsmenn hafa öðlazt, ætti að verða öllu öðru drýgri til þess að tryggja framtíð kaupfélagsins sjálfs, og um leið alls héraðsins.

# Þættir úr Starfssögu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

7. Sett

Að flutta vörur!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Erlend ~~Innflutningur~~ vara.

### I.

### Viðskiptastaðir.

Þegar fyrstu kaupfélögin hér á landi hófu starf sitt, varð fyrst og fremst að komast í samband við verzlanir erlendis um ~~með~~ vörukaup. Þau sambönd voru stundum á fyrstu árunum í sambandi við útflutning sauða, og voru vörurnar sendar hingað með skipunum þeim, sem fluttu sauðina út. En þessi vöruútvegun var óviss og misfellasöm.

Á þessu var orðin breyting þegar Kaupfélag Norðurþingeyinga var stofnað. Kaupfélag Þingeyinga og fleiri félög höfðu þá um nokkur ár haft stöðug viðskipti við Louis Zöllner, stórkaupmann í Newcastle á Englandi. Þau viðskipti gáfust vel. Zöllner hafði í þjónustu sinni Íslending, Jón Vídalín, sem síðar varð meðeigandi hans í verzluninni við Ísland.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Zöllners var leitað um fyrstu vörupöntun K.Þ., eins og frá er sagt í kaflanum um stofnun félagsins. Byrjunarviðskiptin gáfust svo vel, að um meir en tvo áratugi útvegaði Zöllner meginhlutann af þeim vörum, sem kaupfélagið flutti inn, og seldi í umboðssölu útflutningssauðina og meginhluta ullarinnar á sama tíma. Sá hann og mestalla vöruflutninga og var í fyrstu eini lánardrottinn félagsins. Og alla þá tíð, sem skipt var við Zöllner, lagði hann fram greiðslu í vörum þeim, sem hann útvegaði, unz greiðsla kom til hans fyrir útflutningsvöru kaupfélagsins.

Eftir að kaupfélögin fengu markað á Norðurlöndum fyrir sumar útflutningsvörur sínar, fluttist þangað nokkuð af innkaupum, þó ekki stórum. Jakob Gunnlaugsson, stórkaupmaður í Khöfn, átti nokkur ár allmikil viðskipti við K.Þ. Hann var mörgum eldri kaupfélagsmönnum kunnur frá fyrri tíð, sem hann var verzlunarstjóri Gránufélagsins á Raufarhöfn. Björn Sigurðsson, síðar bankastjóri, annaðist um nokkur ár vörukaup á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, fyrir þingeysku kaupfélögin.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður K.N.Þ., sem oft fór utan í erindum kaupfélaganna, keypti inn mikið af búðarvarningi. Héldust viðskipti þau, sem hann stofnaði til á þeim árum, ~~lengi~~ að nokkru áfram meðan hann var framkvæmdastjóri félagsins. Nokkuð var einnig skipt við Garðar Gíslason, stórkaupmann í Leith, sem var Þingeyingur að ætt og uppruna.

Á fyrstu áratugi aldarinnar hófst ~~byrjaði~~ heildsala á erlendum vörum í Reykjavík. Keypti K.N.Þ. þar nokkuð af vörum, en ekki nam það ~~stórum~~ miklu fé. ~~upphæðum~~.

Heimsstyrjöldin 1914–1918 gerði byltingu í öllu, sem að verzlun laut. Viðskiptin við Zöllner héldu á ~~[?]~~ ófriðar-tímanum, enda var þá svo erfitt að skipta við ~~[?]~~ styrjaldar-þjóðirnar, að neyðarúrræði mátti telja. Þær áttu líka fullt í fangi ~~með~~ að sjá sér sjálfum fyrir nauðsynjum, og gátu ekki birgt aðra. Beindust viðskipti Íslendinga að nokkru til Vesturheims, og hafði þar milligöngu ~~Landsverzl~~ Landsverzlunin, sem stofnuð var á ófriðarárunum, og var öflug um nokkur ár.

Samband íslenzkra samvinnufélaga

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jók starf sitt mjög ófriðarárin. Það sá um öll viðskipti kaupfélaganna við Norðurlönd, sem alltaf stóðu utan við ófriðinn. En samnar var verzlun milli þeirra og Íslands miklum erfiðleikum bundin.

Þegar ófriðnum lauk tók Samb. ísl. samvinnufélaga við nær öllum innkaupum fyrir K.Þ. og hefir annazt þau síðan. Framan af var það einkum milliliður við pöntun frá erlendum heildsölum. En síðari árin rekur það sjálft mikla heildsölu. Síðan ófriðurinn hófst 1939 kemur meginhlutinn af vörum K.Þ. frá Reykjavík.

Iðnaður hefir mjög aukizt hér á landi síðustu ár. Stendur kaupfélagið að nokkru í beinu sambandi við sum iðnfyrirtækin. En að mestu hefir þó S.Í.S. milligönguna, enda eru sum fyrirtækin eign þess eða kaupfélaganna.

—

Til eru skýrslur um allan innflutning K.Þ. frá stofnun þess fyrsta En mjög gefa þær skýrslur óljósa hugmynd um vöxt kaupfélagsins, þar sem verðgildi peninga hefir tekið breytingum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Má geta þess, að fyrsta starfsár félagsins, 1894, nam innflutningurinn kr. 7.300.oo
En árið 1941 nam vörusala félagsins nálægt kr. 913.100.oo.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## II.
## Vöruval og vörugæði.

Allar nýjungar sæta nokkurri mót-~~mót~~spyrnu, hvort sem þær eru nytsamar og réttmætar eða ekki. Enda er það þeim sjálfum fyrir beztu, að fram komi nokkur gagnrýni. Þess var að vænta, að þeir, sem biðu ~~fjárhagslegt~~ tjón við stofnun kaupfélaganna, gerðust þeim andvígir. En þeir voru miklu fleiri, sem köstuðu að þeim hnútum, jafnvel margir, sem á eins nutu góðs af starfi þeirra, beint eða óbeinlínis. Raunar gerðu þau gagn öllum öðrum en þeim örfáu mönnum, sem atvinnu höfðu við verzlanir þær, sem fyrir voru. Allur verzlunarhagur í grennd við kaupfélögin batnaði, því að verzlanir urðu að gefa betri ~~verzlunar~~kjör en ~~þær gerðu~~ áður, ef ekki áttu öll viðskipti að sópast gjörsamlega frá þeim.

Það þýddi alls ekki að ráðast á kaupfélögin fyrir verðið á varningnum, sem þau fluttu inn. Reikningarnir sýndu svo augljóst, hversu það var lágt. Enda var meir um það talað, hve vörurnar væri óvandaðar." Ég vildi ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

líka neitt, sem kaupfélögin útvega, þótt ögn væri gefið það. Það er alt svo óvandað," sagði verslunarþjónn hér í grendinni í mestu ~~[illegible]~~ einlægni. Og kaupmaður, sem sá ~~úti á hafi~~ glæsilegt skip á ferð (úti á hafi) kvaðst ekki trúa því, að þetta skip væri að flytja vörur til kaupfélaganna. Til þess væri það alt of fallegt. Maðurinn gat ekki gert ráð fyrir slíku ósamræmi sem því, að vandað skip væri lagt í það að bera slíkan óþverra sem vörur til kaupfélaganna.

Það fer nú senn að fyrnast yfir endurminningarnar um varninginn, sem kaupfélögin fluttu inn á fyrstu árum sínum, og er vel þess vert að rifja upp nokkuð af þeim.

Fyrst er að minnast á matvörurnar. Við innflutning þeirra gætti einkum tveggja nýjunga: Hveitið var afar ódýrt, þótt verðmunur væri milli tegundanna. Um leið kom ný kornvörutegund, hafragrjón, sem mönnum líkaði svo vel, að þau útrýmdi að miklu öðrum grjónategundum, sem áður voru notaðar. Um gæði hafragrjónanna varð lítið þráttað. En hveitið varð fyrir því skæðari árásum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fyrstu árum kaupfélaganna var mest fluttur inn ómalaður rúgur. Kaupfélögin fluttu inn "Extra-saltrúg" og man ég hann optast hafa reynst góð vara. Hrísgrjónin voru ágæt, og bygg var af svipuðum tegundum og kaupmenn ~~fluttu inn~~ höfðu á boðstólum.

Kaffi og sykur, sem inn var flutt af kaupfélögunum, man enginn hafa kvartað um. Kaupfélögin fluttu fyrst molasykur; toppasykur hvarf brátt af markaðinum með öllu. Kaffibætirinn var að mestu þýskur sem áður.

Tóbaksmönnum man ekki hafa geðjast að enska munntóbakinu eða neftóbaki, enda tóku kaupfélögin brátt að fá þessar vörur frá Danmörku. Enska reyktóbakið þótti gott, og sígaretturnar urðu kannske helzt til vinsælar.

Efni til smíða og húsagerðar má telja næst matvælum að nytsemd.

Sjáviður og járn frá Svíþjóð er alkunn-ugt að gæðum og þaðan fékk K.H.þ. þessar vörur. Fyrsta húsið, sem það ~~byggði~~ reisti, sýnir bezt, hve efnið var vandað.

Um enskar vefnaðarvörur, sem kaupfélögin fluttu inn, þarf ekki að fjölyrða. Iðnaður Breta er ~~kunnur~~ viðkunn-ur fyrir gæði, enda hefir hann lagt undir sig heiminn, eins og oft er að orði kamizt. Íslendingar sáu bezt, hvers þeir misstu, þegar þeir ~~fyrir nokkrum árum~~ neyddust til að ~~...~~ gera kaup sín á vefnaðarvörum utan Bretlands fyrir nokkrum árum.

Enski fatnaðurinn setti brátt svip sinn á fólkið. ~~Hér sást stundum, að höfðar bændur sína um hérað pípuhatta, sem þeir keyptu gamla af dönskum verzlunarmönnum.~~ Kaup-félögin fluttu inn enskar húfur, sem hafa síðan verið í tízku hér á landi. Til vetrarnotkunar komu „Oturskinnshúfur“ (Kaupmenn sögðu sannar, að þær væru úr lituðu kattaskinni). Þær voru snyrtilegar en entust illa, mest vegna þess, að menn kunnu ekki með þær að fara. — eins og ennþá vill verða ~~með~~ um skinn-fatnað. Vel er það hugsanlegt, að það

sýe ókeimt áhrif frá útlendu skinnhúfunum, að nú eru ~~komnar til~~ saumaðar vandaðar vetrarhúfur á starfssvæði K.K.Þ.

Þingeysku kaupfélögin ~~kaup~~ hafa unnið mikið að því, að innleiða vandaðar og hentugar vörur, auðvitað í samráði við umboðsmenn sína erlendis, einkum í Bretlandi. Meðal þeirra, sem í þessu máli hafa mikið afrekað, vil eg einkum nefna tvo menn: Jón Jónsson frá Gautlöndum og Benedikt Jónsson frá Auðnum. Jón var löngum í utanferðum og kynntist þar mörgu nytsömu, sem hann flutti heim með sér. Benedikt sat mest heima. En hann var óþreytandi ~~í því~~ að ~~útvega~~ afla sýnishorna af vörum og tilboða um þær. Stefna hans var einkum sú við vörukaupin: Ætíð að velja hið bezta.

Einu sinni var sú samþykkt gerð á fundi K.K.Þ., að eftirleiðis skyldi að eins ~~útvega~~ fá til félagsins vandaðar vörur. Sumir brostu að þessari ákvörðun og töldu, að þar með væri viðurkent, að áður hefði verið fluttur gagnslítill varningur. Víst kom það fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í ~~því~~ kaupfélaginu, að óvandaðar vörur slæddist með. Stundum var það að kenna vanþekking þeirra, sem pöntuðu vöruna, og auðvitað gátu þeir líka brugðizt, sem sáu um innkaupin. Það kom fyrir, að vönduð vara var ófáanleg. ~~Stríðs~~ Styrjaldar-varningnum muna allir. Líka varð nokkuð að hliðra til fyrir þá, ~~lítillt að taka til þeirra~~ sem lögðu áherzlu á ~~það~~ að fá sem ódýrastan varning.

Það kom stundum fyrir, að kaupfélagið varð á undan tímanum ~~með~~ um innflutning í vörum, svo að kaupendur kunnu ekki að meta það, sem í boði var. Eitt sinn keypti ~~útvegaði~~ það allmikið ~~talsvert~~ af norskum skíðum, vönduðum, en dýrari en almenningur átti að venjast um íslenzk skíði. Skíðin gengu ekki út hér og varð að selja þau ungmennafélögum á Suðurlandi með nokkrum ~~talsverðum~~ afföllum. Hefði skíðin komið nokkrum árum síðar, þá hefðu þau selzt greiðlega.

Annað sinn komu til kaupfélagsins kjóladúkar úr ull. Þeir voru vandaðir, en í fljótu bragði líktust þeir baðmullardúkum, sem voru miklu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ódýrari. Dúkar þessir seldust lítt. Eptir að þeir höfðu legið alllengi í búðinni voru þeir seldir á uppboði ásamt nokkrum öðrum vörum, sem illa gekk að selja, en voru sannar góðar vörur, þótt menn kynni ekki að meta þær. Dúkar þessir fóru í lágt verð á uppboðinu. En kjólar, sem saumaðir voru úr þessu, sýndu það í mörg ár á eptir, hve efnið var vandað.

Nú um langa tíð hefir K.K.þ. að eins flutt inn vörur af beztu tegundum, ef þar hafa verið fáanlegar. Og nú er þekking á vörugæðum orðin svo góð, að ekki þarf að óttast, að svo fari um varninginn sem skóna og kjóladúkana forðum.

## III.
## Vörubirgðir.

Alt þangað til Kaupfélag Norður-Þingeyinga var stofnað varð hvert heimili að birgja sig að útlendum vörum á hverju sumri og komast svo af, hvernig sem fram fór, til næsta sumars. Bygðist svo „siglingin“ vegna hafíss, eða af öðrum ástæðum, var skortur óumflýjanlegur.

Þegar á fyrstu árum K.N.Þ. var að nokkru ráðin bót á þessu. Að haustinu var fenginn nokkur forði af helztu nauðsynjavörum. Voru þessar vörur ekki afhentar fyrr en eftir næstu áramót. Oft var þessi forði svo ríflegur, að hann gat nægt félagsmönnum þótt aðflutningar hindruðust langt fram eftir sumri.

Ófriður og ýmsar aðrar hindranir hafa leitt til þess, að stundum hefir kaupfélagið ekki verið svo birgt að nauðsynjavörum sem æskilegt hefði verið. En stöðugt er að því keppt að geta staðizt hafísavorin og harðindin, þeir, sem koma í geymslur kaupfélags—

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ins á vetrum geta bezt um það borið, að nú er öllu annan veg háttað en hafísavorið 1882, þegar lá við hungursneyð í héraðinu sökum þess, að skip þau, sem höfðu meðferðis vörur til norðurlands komust ekki fyrir Langanes. (Sbr. Endurminningar Jóns Trausta).

Til samanburðar má geta þess, að engar vörur komu til Kópaskers á tímabilinu frá 24. sept. 1916 til 2. ágúst 1917, án þess að til nokkurra vandræða kæmi sökum vöruskorts.

Það er vafalaust eitt af ~~stærstu~~ mikilvægustu málum, vorum að tryggja héraðið algerlega gegn skorti, bæði fyrir menn og skepnur, þótt óvenjuleg harðindi beri að höndum ~~og~~ og hafísar loki leiðum til héraðsins. Að þessu mun kaupfélagið vinna eftir megni á komandi árum.

Við lok ársins 1943 námu allar vörubirgðir K.N.Þ. á Kópaskeri og Raufarhöfn samtals kr. 791.045.50. að útsöluverði. Þótt hér ~~sé~~ sé á að vísa um styrjaldarverð að ræða, má samt sjá, að hér er ~~sem~~ ~~góðan forða að ræða~~ góður forði til komandi mánaða.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur